



Hitaveita á nokkra bæi í Villingaholtshreppi,  
Árn

María Jóna Gunnarsdóttir

Greinargerð MJG-82/11

HITAVEITA Á NOKKRA BÆI í VILLINGAHOLTSREPPI, ARN.

Inngangur

Hér er gerð athugun á kostnaði við að leggja hitaveitu frá jarðhita í landi Önundarholts að Kolsholti, Vatnsholti, Vatnsenda og Villingaholti. Að Villingaholti er skóli, samkomuhús, kirkja auk tveggja íbúðarhúsa, að Vatnsenda er eitt íbúðarhús og kjúklingabú sem er hitað að hálfa, að Vatnsholti eru fjögur íbúðarhús og að Kolsholti og Kolsholtshellir eru fimm íbúðarhús. Alls eru þetta tólf íbúðarhús þar af eru átta með vatnsofna en fjögur með þilofna. Sjá mynd af lögn á bls. 5.

Jarðhiti

Volgrur eru á nokkrum stöðum í nánd við Villingaholt (sjá mynd bls. 2) Við Kolsholt er volgra með  $22^{\circ}\text{C}$  hita en efnahitamælar benda til  $56^{\circ}\text{C}$  djúphita. Í landi Önundarholts er volgra með  $33^{\circ}\text{C}$  og áætluðum djúphita  $57^{\circ}\text{C}$  og við Skagaás er volgra  $36^{\circ}\text{C}$  heit með hæsta áætluðum djúphita  $75^{\circ}\text{C}$ . Vegna legu er hér valið að bora holu 500 m djúpa við volgruna í landi Önundarholts. Gert er ráð fyrir að nægilega mikið af  $60^{\circ}\text{C}$  heitu vatni fáist við borun.

Ýmsar forsendur

- Gert er ráð fyrir að aðalæðin frá borholu að Villingaholti séu einangruð asbeströr í jarðvegsgarði en heimæðar einangruð stálrör niðurgrafin. Vegna hins lága hita á vatninu er nauðsynlegt að einangra leiðslur eins vel og kostur er. Aðalæðin er 3,3 km en heimæðar eru 2,1 km.
- Í töflu bls. 4 eru niðurstöður frumhönnunar á hitaveitu. Þar eru lengdir og stærðir lagna, rennsli og hitastig hjá notenda ásamt aflþörf og uppsettu afli hitaveitu.
- Verðlag miðast við visitölu í febrúar 1982 909 stig. Verð á gasoliu var þá 3,65 kr/l. Febrúarvíspitala er hér notuð vegna þess að þessi greinargerð er hluti af heildarathugun, sem komin er vel á veg, um möguleika á nýjum hitaveitum.

### Vatnsþörf

Vatnsþörf hitaveitu er með gefnum forsendum 7 l/s af 60°C heitu vatni af því eru um helmingur umframrennsli til að halda uppi hita í lögnum. Gerð er krafa um að hitastig sé aldrei lægra en 55°C hjá notendum og að það sé nýtt niður í 40°C.

### Afl- og orkuþörf

Aflþörf miðast við 30 W/m<sup>3</sup> hitaðs húsnæðis og rúmmálsstærðir húsa er fengnar frá Fasteignamati ríkisins. Nýtingartími á afli áætlast 3800 stundir á ári. Hitunarþörf fyrir kjúklingabú áætlast 20 W/m<sup>3</sup> en nýtingartími á afli við kjúklingarékt 6000 stundir.

	Rúmmál m <sup>3</sup>	Aflþörf kW	Orkuþörf kWh
Íbúðarhús	4530	136	516800
samkomuhús o.fl.	2325	70	266000
kjúklingabú	<u>700</u>	<u>14</u>	<u>84000</u>
	7555	220	866800

Uppsett afl hitaveitu er 447 kW sem er vegna kröfu um lágmarkshita á vatni. Umframafl er því 227 kW sem nágir til hitunar á a.m.k. 15 meðalstórum íbúðarhúsum.

### Stofnkostnaður

Aðveituað	925	þús.kr
Heimæðar	<u>866</u>	"
	1791	þús.kr
Ýmislegt og ófyrirséð 15%	269	"
Borhola	680	"
Dæla, dæluhús raflögð o.fl.	<u>400</u>	"
	3140	þús.kr

Reksturskostnaður

Fjármagnskostnaður 9,4%	295	bús.kr
Viðhald og umsjón 3%	94	"
Rafmagn á dælur (A1)	32	"
	<u>421</u>	<u>bús.kr</u>

Orkuverð verður þá:

$$\frac{421000}{866800} = \underline{0,49 \text{ kr/kWh}}$$

Samanburður á orkuverði

Olía	0,57 kr/kWh
Rafhitun (marktaxta)	0,40 kr/kWh
Hitaveita	0,49 kr/kWh

Niðurstöður

Samkvæmt þessum samanburði er orkuverð hitaveitu 86% af óniðurgreiddu oliuverði en 23% dýrara en raforkuverð á taxta í febrúar 1982. Sú mynd er breytt þar sem komið hafa til niðurgreiðslur á raforku til hitunar. Hitaveita er því ekki hagkvæm veita við núverandi aðstæður.

HITAVEITA Á NOKKRA BÆI Í VILLINGAHOLTSREPPI, ÁRN

Frumhönnun á rörastærðum, rennsli og hitastigi til notenda við gefnar forsendur.

Staður	Núv. aflbörft KW	Lengd aðv.æðar m	Lengd heimæðar m	Rennsli 1/s aðv.æð heimæð	Hiti hná notanda °C	Nafnál röra aðv.æð heimæð	Uppsett afl kW
Borholta					60		
Kolsholt o.fl.	68	1200	1500	7	100A		
Vatnsholt	30	0	500	2.0 5.0	55	65st	126
Vatnsrennsli	30	800	800	0.8 4.2	56	-	
Villingaholt	92	1300	100	0.9 3.3	56 3.3	100A 80A	40st - 54 60
	220	3300	2100		7.0		447

A einangruð asbeströr  
st einangruð stálrör

